



Öldungaráð Hafnarfjarðar

Í samræmi við ný og breytt ákvæði um notendaráð á grundvelli laga sem taka gildi þann 1. október 2018 og í samræmi við minnisblað Sambands íslenskra sveitarfélaga 18. júní 2018 er gerð eftirfarnandi breyting á Öldungaráði Hafnarfjarðar

1. Hlutverk, tilgangur og skipan

Öldungaráð Hafnarfjarðar gætir hagsmuna eldri borgara í Hafnarfiði og er bæjarstjórn til ráðgjafar um málefni þeirra.

Ráðið skal hafa sem víðtækast samráð við samtök eldri borgara í Hafnarfirði og aðra þá aðila sem láta málefni þeirra til sín taka.

Öldungaráð skal hafa eftirtalin verkefni á starfssvæði sínu:

1. Að fylgjast með velferð eldra fólks í sveitarfélaginu.
2. Að gera tillögur til sveitarstjórna um öldrunarþjónustu.
3. Veita umsagnir varðandi stefnumótandi ákvarðanir og reglur er lúta að málefnum eldri borgara.
4. Leitast við að eldri borgarar fái þá þjónustu sem þeir þarfnast og kynna þeim þá kosti sem í boði eru.

Öldungaráð skal í störfum sínum hafa að leiðarljósi markmið laga um málefni aldraðra nr. 125/1999. Beiðni um framkvæmdaleyfi fyrir dagvist eða stofnun fyrir aldraða skulu fylgja upplýsingar um verksvið stofnunar og staðsetningu. Beiðninni skal og fylgja umsögn Öldungaráðs á því starfssvæði þar sem stofnunin verður.

Bæjarstjórn skipar Öldungaráð að fengnum tilnefningum samkv. 2. grein. Skipunartími ráðsins er kjörtímabil bæjarstjórnar.

2. Tilnefning

Eftirtaldir aðilar tilnefna fulltrúa í Öldungaráð Hafnarfjarðar .

- Bæjarstjórn tilnefni þrjá fulltrúa og tvo til vara.
- Félag eldri borgara í Hafnarfirði, tilnefnir þrjá fulltrúa og tvo til vara
- Heilsugæslan í Hafnarfirði tilnefnir einn og einn til vara

3. Starfsfyrirkomulag

Eftir sveitastjórnarkosningar kallar bæjarstjórn Hafnarfjarðar eftir tilnefningu frá Félagi eldri borgara í Hafnarfirði, samkv. 2. gr. og boðar til I. fundar Öldungaráðs þar sem skipuð er ný stjórn til næstu fjögurra ára.

- Á fyrsta fundi er kosinn formaður, v. formaður, ritari og fimm meðstjórnendur.
- Stjórnin skiptir með sér verkum.

- Stjórnarfundir skulu haldnir einu sinni í mánuði að jafnaði og oftast ef þurfa þykir að mati stjórnar.
- Fundargerðir skulu vera aðgengilegar á heimasíðu bæjarins.
- Öldungaráð skal minnst einu sinni á ári halda opinn fund um ákveðið málefni.

4. Samráðsferli

Öldungaráð er bæjarstjórn Hafnarfjarðar til ráðgjafar um málefni eldri borgara í sveitarfélaginu. Til þess að þessu markmiði sé náð skal:

- Bæjarráð heldur a.m.k. einn fund í aðdraganda fjárhagsáætlunar þar sem farið er yfir álagningu gjalda og heimilda til niðurfellingar og lækkunar til handa eldri borgurum.
- Fagnefndir á vegum bæjarins sem fara með þjónustu við eldri borgara haldi minnst tvo fundi með Öldungaráði þar sem farið er yfir stöðu mála og við stefnumótun í málaflokkum.
- Öldungaráð á rétt á að kalla fulltrúa frá Fjölskylduráði til samráðs og samstarfs ef það telur slíkt æskilegt.

Áhersla á hverskyns samráð og samvinnu við notendur hefur rutt sér til rúms innan velferðarþjónustunnar. Talið er mikilvægt að notendur eigi slíkan vettvang þar sem valdefling sé höfð að leiðarljósi; fólk verði þannig virkir þátttakendur í mótun á þeim úrræðum og þjónustu sem því stendur til boða.

Samráð af því tagi sem hér um ræðir er tvíþætt:

- a. samráð við einstaka notendur í málum sem varða þá sjálfa,
- b. samráð um stefnumótun og við hópa notenda um framþróun þjónustunnar.

5. Starfsaðstaða og starfskjör

Hafnarfjarðarbær leggur Öldungaráði til starfsaðstöðu til funda og greiðir kostnað vegna funda ráðsins og annan kostnað samkvæmt reglum bæjarins um störf nefnda og ráða á vegum Hafnarfjarðar.

Stjórnarmenn Öldungaráðs skulu taka laun samkvæmt reglum bæjarins vegna setu í nefndum á vegum Hafnarfjarðarbæjar.

Ofangreind drög að reglum Öldungaráðs eru samþykkt með öllum greiddum atkvæðum á fundi ráðsins 30. janúar 2019, og send Fjölskylduráði til umsagnar og afgreiðslu.

Reglurnar byggja á ákvæðum laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/2018 og lögum um málefni aldraðra nr. 125/1999.

Hafnarfirði 06.03.2019.